

Reglugerð um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til innra og ytra mats í grunnskólum og skyldu sveitarfélaga til að veita menntamálaráðuneytinu þær upplýsingar um skólahald sem óskað er eftir vegna eftirlits með skólastarfi í grunnskólum.

Eftirlit og upplýsingaskylda sveitarstjórna tekur bæði til þeirra skóla sem reknir eru af sveitarfélögum sem og þeirra skóla sem reknir eru í sveitarfélaginu af öðrum aðilum.

2. gr.

Markmið mats og eftirlits með skólastarfi.

Markmið mats og eftirlits með skólastarfi er að:

- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla,
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum,
- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- auka gæði skólastarfs og stuðla að umbótum.

3. gr.

Innra mat grunnskóla.

Hver grunnskóli skal með kerfisbundnu innra mati leggja mat á árangur og gæði skólastarfs. Innra mat skal byggja á fjölbreyttum gögnum sem taka mið af viðfangsefnum hverju sinni og skulu starfsfólk, foreldrar, nemendur og skólaráð taka þátt í því eftir því sem við á.

Virkt innra mat skal vera samofið annarri starfsemi skóla og skapa forsendur fyrir markvissri skoðun á árangri, leiðum að markmiðum og aukinni ábyrgð skóla á eigin starfi. Innra mat skal vera umbótamiðað og ná til allra helstu þátta skólastarfs.

Grunnskólar skulu birta, á vef sínum eða með öðrum opinberum hætti, upplýsingar um framkvæmd innra mats, helstu niðurstöður og umbótaáætlun. Gera skal grein fyrir tengslum innra mats við skólanámskrá, starfsáætlun og skólastefnu sveitarfélagsins.

Nánari viðmið um innra mat eru sett í aðalnámskrá grunnskóla.

4. gr.

Mat og eftirlit sveitarstjórna með skólastarfi.

Skólanefnd skal í umboði sveitarstjórnar hafa eftirlit með því að skólastarf í grunnskólum samræmist lögum, reglugerðum og aðalnámskrá grunnskóla. Við eftirlit skal stuðst við margs konar gögn, svo sem tölulegar upplýsingar, skólanámskrá, innra mat, starfsáætlun, skólastefnu sveitarfélagsins eftir því sem við á. Jafnframt skal skólanefnd sjá til þess að áætlanir um nauðsynlegar umbætur í kjölfar ytra mats séu gerðar og þeim fylgt eftir.

Komi fram vísbendingar um að grunnskóli fari ekki að lögum og sinni ekki lögbundum skyldum sínum skal skólanefnd ganga úr skugga um hvort rétt sé og sjá til þess að viðeigandi úrbætur séu gerðar sé þess þörf.

Sveitarstjórn skal, þegar eftir því er óskað, láta menntamálaráðuneytinu í té upplýsingar um eftirlit skólanefndar með skólahaldi.

5. gr.

Eftirlit og ytra mat menntamálaráðuneytis.

Eftirlit menntamálaráðuneytis fer fram með öflun, miðlun og greiningu upplýsinga, ytra mati, samræmdum könnunarprófum, innlendum og erlendum könnunum og rannsóknum.

Menntamálaráðherra setur fram áætlun um ytra mat til þriggja ára í senn og skal áætlunin birt á vef ráðuneytisins. Í áætluninni skulu koma fram fyrirhugaðar úttektir og kannanir svo og eftirfylgni eftir því sem kostur er. Áætlunin getur m.a. byggt á úttektum á einstökum þáttum skólastarfs, stofnunum og aðferðum við innra mat svo og innlendum og erlendum könnunum, rannsóknum og samræmdum könnunarprófum.

Ráðuneytið semur áætlun fyrir hverja úttekt þar sem fram kemur tilgangur úttektar, úttektaraðferðir, helstu viðmið og áherslur. Ráðuneytið fær óháða sérfræðinga til að sjá um framkvæmd úttekta og fer val á úttektaraðilum samkvæmt verklagsreglum ráðuneytisins. Niðurstöður ytra mats eru sendar viðkomandi sveitarstjórn og birtar á vef ráðuneytisins.

Ef eftirlit ráðuneytisins bendir til þess að þörf sé á umbótum skal sveitarstjórn senda ráðuneytinu umbótaáætlun þar sem fram kemur hvernig brugðist verður við niðurstöðum matsins og jafnframt hvernig sveitarstjórn hyggst fylgja þeim eftir.

Nánari viðmið um ytra mat eru sett í aðalnámskrá grunnskóla.

6. gr.

Upplýsingaskylda sveitarstjórna.

Sveitarstjórnnum er skylt að veita menntamálaráðuneytinu, árlega eða oftár sé þess krafist, upplýsingar um framkvæmd skólahalds í grunnskólum í sveitarfélaginu. Jafnframt skal sveitarstjórn miðla upplýsingum um skólastarf í sveitarfélaginu til foreldra, nemenda og starfsfólks skóla.

Þær upplýsingar frá sveitarstjórnnum sem hér um ræðir eru annars vegar tölulegar upplýsingar sem aflað er árlega og hins vegar upplýsingar sem ráðuneytið aflar eftir þörfum vegna eftirlitsskyldu sinnar, upplýsingagjafar til Alþingis og erlendrar samvinnu.

Tölulegar upplýsingar um skólahald sem sveitarstjórnir skulu gera grein fyrir ár hvert eru m.a.:

- a. *Skólar*: Fjöldi og heiti skóla í sveitarfélaginu.
- b. *Nemendur*: Fjöldi nemenda í hverjum skóla, fjöldi nemenda í árgangi, fjöldi nemenda í árgangi sem fá sérkennslu og fyrirkomulag hennar, fjöldi nemenda með annað móðurmál en íslensku, fjöldi nemenda með undanþágu frá skyldunámi í tiltekinni námsgrein, fjöldi nemenda sem eru reknir tímabundið úr skóla og fjöldi brottfallsnemenda úr skyldunámi.
- c. *Starfsfólk*: Fjöldi kennara í sveitarfélaginu, fjöldi annarra starfsmanna skóla en kennara, fjöldi stöðugilda kennara og annarra starfsmanna, starfsheiti, stöðuhlutfall, menntunarstig og aldur.
- d. *Innra starf skóla*: Árlegur starfstími skóla, fjöldi skóladaga á ári, fjöldi kennslu- og prófadaga, kennslutími í einstaka skyldunámsgreinum og valgreinum.

Sveitarstjórn skal, þegar eftir því er óskað, láta menntamálaráðuneytinu í té upplýsingar um skólastarf svo sem skólastefnu sveitarfélagsins og framgang hennar, skólanámskrá, skólaþjónustu, foreldrafélög, nemendafélög, skólaráð, námsmat, innra mat skóla, endurmenntun kennara og áætlanir um umbætur.

7. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 38. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 384/1996 um upplýsingaskyldu sveitarfélaga um skólahald.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.